

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá nr. 517/2011 fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar.

#### 1. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa af fyrirtækjum sem stunda atvinnurekstur sem talinn er upp í fylgiskjali 1 og I. viðauka með reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa fyrir móttökustöð úrgangs skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og fyrir námuúrgangsstaði skv. 1. mgr. 24. gr. sömu laga.

Gjald fyrir vinnslu nýs starfsleyfis er tvíþætt:

A. Fastagjald fyrir móttöku umsóknar, grunnvinnu við gerð starfsleyfistillögu, auglýsingar og útgáfu:

Eftirlitsflokkur	Upphæð kr.
1. flokkur	508.000
2. flokkur	416.000
3. flokkur	174.000
4. flokkur	100.000
5. flokkur	100.000

Reikningur fyrir fastagjaldi skal gefinn út við móttöku umsóknar.

B. Fyrir frekari vinnu við gerð starfsleyfistillögu, vinnslu og afgreiðslu innsendra athugasemda og fyrir kynningu, þ.m.t. borgarafund um kynningu á starfsleyfistillögu, skal greiða tímagjald samkvæmt 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningar vegna frekari vinnu skulu gefnir út áður en starfsleyfi er gefið út.

Fyrir mat Umhverfisstofnunar á tilkynningu skv. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, tilkynningu skv. 4. mgr. 5. gr. og tilkynningu skv. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal greiða tímagjald skv. 1. gr. gjaldskrárinnar vegna vinnu sérfræðinga, reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

Fyrir endurskoðun og breytingu á starfsleyfi samkvæmt VIII. og IX. kafla reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og fyrir breytingu og endurskoðun á starfsleyfi samkvæmt 4. og 5. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 24. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal greiða tímagjald samkvæmt 1. gr. gjaldskrárinnar vegna vinnu sérfræðinga og fyrir ferðir skv. 2. gr. ásamt útlögðum kostnaði m.a. við auglýsingar. Reikningur skal gefinn út þegar starfsleyfistillaga liggur fyrir.

Fyrir breytingu á handhafa starfsleyfis skv. 2. mgr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999, skal innheimta gjald. Gjaldið skal vera kr. 21.000.

Fyrir mat Umhverfisstofnunar á gögnum um áhættumat samkvæmt 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, skal greiða tímagjald skv. 1. gr. gjaldskrárinnar vegna vinnu sérfræðinga. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

#### 2. gr.

Á eftir 10. gr. gjaldskrárinnar koma fjórar nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, sem orðast svo:

a. (10. gr. a)

#### *Útgáfa losunarleyfis.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna útgáfu losunarleyfis til rekstraraðila skv. 6. gr. a laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera kr. 315.600.

Reikningur skal gefinn út við móttöku umsóknar um losunarleyfi, endurskoðun losunarleyfis eða uppfærslu á losunarleyfi.

Hafi vinna í tengslum við losunarleyfi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun á grundvelli umsóknar liggur fyrir.

b. (10. gr. b)

*Eftirlitsáætlanir flugrekenda í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna staðfestingar eftirlitsáætlana flugrekenda skv. 1. mgr. 14. gr. e laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 239.600 fyrir flugrekendur sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun koldíoxíðs á ári er minni en 10.000 tonn.
- b. kr. 315.600 fyrir aðra flugrekendur.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna staðfestingar á endurskoðaðri eftirlitsáætlun skv. 1. mgr. 14. gr. e laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 182.600 fyrir flugrekendur sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun koldíoxíðs á ári er minni en 10.000 tonn.
- b. kr. 239.600 fyrir aðra flugrekendur.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna staðfestingar á uppfærslu eftirlitsáætlunar skv. 1. mgr. 14. gr. e laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera kr. 24.800.

Reikningur skal gefinn út eftir að eftirlitsáætlun eða ósk um endurskoðun eða uppfærslu eftirlitsáætlunar berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við eftirlitsáætlun flugrekenda í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr., 4. mgr. eða 6. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar staðfesting eftirlitsáætlunar eða uppfærslu er lokið.

c. (10. gr. c)

*Skýrsla flugrekenda í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnu í tengslum við skýrslu flugrekenda um losun koldíoxíðs skv. 2. mgr. 14. gr. e laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 182.600 fyrir flugrekendur sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun koldíoxíðs á ári er minni en 10.000 tonn.
- b. kr. 239.600 fyrir aðra flugrekendur.

Reikningur skal gefinn út eftir að skýrsla berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi yfirferð skýrslu flugrekenda um losun koldíoxíðs í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi

þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar yfirferð skýrslunnar er lokið.

d. (10. gr. d)

*Skráningarkerfi um losunarheimildir.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna reikninga atvinnurekstrar, flugrekenda og annarra aðila í skráningarkerfi um losunarheimildir skv. 6. gr. laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsa-lofttegunda, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 34.300 fyrir stofnun reiknings.
- b. kr. 34.300 fyrir árgjald vegna reiknings.

Árgjald vegna reiknings reiknast frá þeim degi þegar reikningur er stofnaður. Eingöngu er heimilt að innheimta árgjald margfaldað með X/365 þar sem X stendur fyrir fjölda þeirra daga sem eftir eru í viðkomandi ári þegar reikningur er stofnaður.

Reikningur, sbr. a-lið 2. mgr., er gefinn út eftir að umsókn berst Umhverfisstofnun um stofnun reiknings. Reikningur, sbr. b-lið 2. mgr., er gefinn út fyrirfram í upphafi hvers árs eða fyrirfram samhliða útgáfu reiknings skv. a-lið 2. mgr.

3. gr.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald af fyrirtækjum sem stofnunin hefur eftirlit með skv. 12. og 13. gr. reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit og stunda atvinnurekstur sem talinn er upp í fylgiskjali nr. 1 og viðauka I með reglugerðinni, að undanskildum atvinnurekstri samkvæmt liðum 6.4, 6.5 og 6.6 í viðaukanum. Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir eftirlit með starfsleyfis-höfum sem hún veitir starfsleyfi skv. 1. mgr. 47. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Vegna reglubundins eftirlits, skv. 2. mgr. 12. gr. í reglugerð nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit og eftirlit sem nánar er kveðið á um í starfsleyfi fyrirtækis, skal innheimta gjald sem hér segir:

Eftirlitsflokkur	Upphæð kr.
1. flokkur	454.000
2. flokkur	280.000
3. flokkur	190.000
4. flokkur	127.000
5. flokkur	127.000

Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Vegna reglubundinna eftirlitsmælinga, skv. 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit og því sem nánar er kveðið á um í starfsleyfi fyrirtækis, skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. svo og útlagðan kostnað. Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Vegna eftirlits skv. 5. mgr. 12. gr. í reglugerð nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. svo og útlagðan kostnað. Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Beiti Umhverfisstofnun heimild skv. 6. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit til að draga úr reglubundnu eftirliti hjá atvinnurekanda skal viðkomandi atvinnu-starfsemi færast til í eftirlitsflokk skv. ákvörðun stofnunarinnar í samræmi við 2. mgr. 12. gr. reglugerðarinnar eða lækkun á gjaldi sem nemur minna eftirliti.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, IX. kafla laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur og 48. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun um beitingu þvingunarúrræðis liggur fyrir.

## 4. gr.

Á eftir III. kafla gjaldskrárinnar kemur nýr kafli, III. kafli A, **Meðhöndlun úrgangs**, með tveimur nýjum greinum, ásamt fyrisögnum, sem orðast svo:

## a. (13. gr. a)

*Skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna skráninga og reksturs skráningarkerfis fyrir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja skv. 36. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Gjaldið er tvíþætt:

- a. Skráningargjald kr. 6.000 fyrir skráningu framleiðanda og innflytjanda raf- og rafeindatækja í skráningarkerfið. Reikningur er gefinn út við móttöku umsóknar.
- b. Árgjald: kr. 3.000 sem greiðist árlega af þeim framleiðendum og innflytjendum raf- og rafeindatækja sem skráðir eru í skráningarkerfinu. Reikningur skal gefinn út í janúar fyrir það ár sem árgjaldið nær yfir. Sé um nýskráningu að ræða er greitt hlutfallsgjald af árgjaldi og reikningur gefinn út við móttöku umsóknar.

Sjái skilakerfi um skráningu framleiðenda og innflytjenda sbr. heimild í 1. mgr. 36. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lækkar skráningargjaldið í kr. 2.000. Sjái skilakerfi um greiðslu árgjalda í umboði framleiðenda og innflytjenda lækkar árgjaldið í kr. 1.000. Reikningar til skilakerfa vegna skráninga í skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda skal gefa út mánaðarlega vegna nýskráninga, en í janúar fyrir það ár sem árgjaldið nær yfir fyrir eldri skráningar.

## b. (13. gr. b)

*Lokun urðunarstaðar.*

Fyrir gerð fyrirmæla um lokunaraðgerðir, vöktun og umsjón með því svæði þar sem rekinn hefur verið urðunarstaður, sbr. 6. mgr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skal greiða tímagjald skv. 1. gr. fyrir vinnu sérfræðings ásamt útlögðum kostnaði m.a. fyrir þinglýsingu. Ennfremur skal greiða tímagjald skv. 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. fyrir vettvangsskoðun og mat á upplýsingum skv. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar um lokun og fyrirmæli um frágang og vöktun liggja fyrir.

Fyrir endurskoðun á fyrirkomulagi vöktunar eftir lokun urðunarstaðar, sbr. 3. mgr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skal greiða tímagjald skv. 1. gr. fyrir vinnu sérfræðings. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar um fyrirkomulag vöktunar liggur fyrir.

## 5. gr.

25. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 23. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, 12. gr. laga nr. 15/1994 um dýravernd, 4. mgr. 11. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 21. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 3. mgr. 7. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, 26. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, 16. gr., 1. mgr. 38. gr. og 4. mgr. 47. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, 2. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, 5. mgr. 13. gr. og 14. gr. f laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda, 3. mgr. 13. gr. laga nr. 23/2006 um upplýsingarétt um umhverfismál og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 85/2000 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

## 6. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, 26. gr. laga nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur, 14. gr. f laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda og 16. gr., 1. mgr. 38. gr. og 4. mgr. 47. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 17. nóvember 2011.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 18. nóvember 2011